

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Fundargerð stjórnarfundar 1/2009

Fundartími: Föstudagur 5. febrúar 2009, kl. 11.00-13.00

Fundarstaður: Fundarherbergi RH

Fundinn sátu: Bryndís Brandsdóttir, formaður

Hafliði Pétur Gíslason, varaformaður

Stefán Arnórsson, formaður stjórnar JH

Guðmundur G. Haraldsson, formaður stjórnar EH

Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri

Magnús Tumi Guðmundsson, deildarforseti jarðvísindadeildar og forstöðumaður JH

Haukur Brynjólfsson, varafulltrúi starfsmanna var fjarverandi

Dagskrá:

- 1.Fjárhagsstaða 2008
- 2.Skipting fjárveitingar 2009
- 3.Sáttmálasjóður
- 4.Endurskoðun reglna RH
- 5.Önnur mál

1. Fjárhagsstaða 2008. Framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsstöðu ársins 2008. Halli ársins er 23,8 m.kr. og uppsafnaður halli 47,7 m.kr. Talsverður fjárhagsvandi steðjar að rekstri fasteigna sem bregðast verður við en að öðru leyti virðist reksturinn í jafnvægi. Talsverðar umræður urðu um upplýsingagjöf til stofustjóra, forstöðumanna og verkefnisstjóra og er ljóst er að verulega þarf að bæta hana. Framkvæmdastjóra var falið að taka saman greinargerð um núverandi verkaskiptingu innan skrifstofu og koma með hugmyndir að úrbótum

2. Skipting fjárveitingar 2009. Fjárveiting úr rikissjóði til RH er 390,3 m.kr. fyrir árið 2009. Skipting fjárveitingar innan stofnunar samþykkt.

3. Sáttmálasjóður. Samþykkt að nýjar reglur Háskólaráðs um úthlutun úr Sáttmálasjóði gildi einnig fyrir starfsmenn Raunvísindastofnunar Háskólans.

4. Endurskoðun reglna RH. Formaður stjórnar kynnti tillögur að breytingum á núgildandi reglum um Raunvísindastofnun Háskólans. Umræðum haldið áfram á næsta stjórnarfundum.

5. Önnur mál.

a. Samþykkt að Þorsteinn Jónsson verði starfsmaður Jarðvísindastofnunar.

b. Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 10. febrúar kl. 14.00 – 16.00

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Fundargerð stjórnarfundar 2/2009

Fundartími: Þriðjudagur 10. febrúar 2009, kl. 14.00-16.00
Fundarstaður: Fundarherbergi RH
Fundinn sátu: Bryndís Brandsdóttir, formaður
Hafliði Pétur Gíslason, varaformaður
Stefán Arnórsson, formaður stjórnar JH
Guðmundur G. Haraldsson, formaður stjórnar EH
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri
Magnús Tumi Guðmundsson, settur forstöðumaður JH

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Samningur um reiknifræðisetur
3. Endurskoðun reglna RH
4. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Samningur um reiknifræðisetur. Samningur um reiknifræðisetur lagður fram til kynningar. Ákveðið að fá Gunnar Stefánsson á fund stjórnar til að ræða samninginn.

3. Endurskoðun reglna RH. Formaður las upp tölvubréf frá Þórði Kristinssyni varðandi endurskoðun sérreglna stofnana Háskóla Íslands og tengsl þeirra við svið og deildir. Í svari hans kom fram að ekki yrðu stórvægilegar breytingar á fyrirkomulagi stofnana frá því sem verið hefur. Vætanlega geti stofnun heyrt undir fræðasvið eða deild og það verði ákvörðun sviðs eða deildar hver aðkoma starfsmanna stofnunar verður að deildum. Umræðum um reglur RH verður haldið áfram á næsta fundi.

4. Önnur mál.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 17. febrúar kl. 12.30 – 14.30

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Fundargerð stjórnarfundar 3/2009

Fundartími: Mánudagur, 17. febrúar 2009, kl. 12.30-14.30
Fundarstaður: Fundarherbergi RH
Fundinn sátu: Bryndís Brandsdóttir, formaður
Hafliði Pétur Gíslason, varaformaður
Guðmundur G. Haraldsson, formaður stjórnar EH
Stefán Arnórsson, formaður stjórnar JH
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri
Magnús Tumi Guðmundsson, settur forstöðumaður JH

Dagskrá:

1. Endurskoðun reglna RH

1. Endurskoðun reglna RH. Farið yfir skilgreiningar á hlutverki stofnunarinnar og stjórnskipulagi.

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Fundargerð stjórnarfundar 3b/2009

Fundartími: Mánudagur, 2 mars 2009, kl. 11.00-12.00
Fundarstaður: Fundarherbergi RH
Fundinn sátu: Bryndís Brandsdóttir, formaður
Hafliði Pétur Gíslason, varaformaður
Guðmundur G. Haraldsson, formaður stjórnar EH
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri
Magnús Tumi Guðmundsson, settur forstöðumaður JH

Dagskrá:

2. Endurskoðun reglna RH






1. Endurskoðun reglna RH. Farið yfir skilgreiningar á hlutverki stofnunarinnar og nýrri grein um starfsskyldur samkvæmt ákvæðum sameiginlegra reglna nr. 605/2006 um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands og stofnanasamning Raunvísindastofnunar við Félag háskólakennara.

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Fundargerð stjórnarfundar 4/2009

Fundartími: Þriðjudagur 14. apríl 2009, kl. 11.00-13.00
Fundarstaður: Fundarherbergi Tæknigarðs
Fundinn sátu: Bryndís Brandsdóttir, formaður
Stefán Arnórsson, formaður stjórnar JH
Gunnar Stefánsson, varaformaður stjórnar EH
Sigríður Jónsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri
Magnús Tumi Guðmundsson, forstöðumaður JH

Dagskrá:

	Fjárhagsáætlanir 2010
	Tölvuþjónusta
	Fjárhagsstaðan 2009
	Átaksverkefni Ríkisendurskoðunar
	Önnur mál

1. Fjárhagsáætlanir 2010. Rætt var um horfur fyrir árið 2010. Ljóst er að fjárveitingar munu skerðast frá því sem nú er en ekki er vitað hve mikil skerðingin verður. Raunvísindastofnun þarf að gríp strax til aðgerða til að verja tilvist sína og undirstrika mikilvægi stofnunarinnar fyrir rannsóknastarfseminu í landinu. Gunnar Stefánsson benti á mikilvægi sérstakra verkefna eins og efnagreiningaseturs, tölfræðimiðstöðvar og örtæknijarna. Fjárveiting sé „seed money“ til að afla sértekna.

4. Tölvuþjónusta. Tölvuþjónusta á stofnuninni var til umræðu. Tölvun sem hýsir raunvís netþjóninn er á síðasta snúning auk þess er afritunarkerfið nánast hrúnið. Viðar Guðmundsson kom á fundinn og kynnti mögulegar lausnir. Ljóst er að annaðhvort þarf að endurnýja raunvís en áætlaður kostnaður við slíkt er um 500 þús. kr., eða leggja raunvís niður og sækja þessa þjónustu til reiknistofnunar. Formanni stjórnar var falið að skoða málið frekar.

3. Fjárhagsstaðan 2009. Staða stofnunarinnar rædd almennt og lögð áhersla á mikilvægi þess að reksturinn verði í jafnvægi. Einnig var rætt um viðbrögð við mögulegum niðurskurði á þessu ári.

4. Átaksverkefni Ríkisendurskoðunar. Framkvæmdastjóri skeynti spurningalista sem barst vegna átaksverkefnis ríkisendurskoðunar. Átaksverkefnið snýr að því að meta gæði rekstraráætlana stofnana, draga fram upplýsingar um bókhald stofnana, skoða verklagsreglur og ákveðna þætti innra eftirlits. Einnig að kanna hvort og þá til hvaða ráðstafan stofnanir hafa gripið til að bregðast við væntanlegum niðurskurði árið 2010.

4. Önnur mál.

a) Kynnt erindi frá Bjarna Ásgeirssyni um að koma upp tölvuskjá í anddyri Raunvísindastofnunar þar sem fram kæmi nöfn starfsmanna og staðsetning í húsinu.

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

**Stjórnarfundur 5/2009 í fundarherbergi Tæknigarðs 26. júní 2009,
kl. 12:00-13:00**

Dagskrá:

1. Niðurskurður þessa árs og ársins 2010 og viðbrögð við honum
2. Fjárhagsstaðan

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

**Stjórnarfundur 6/2009 í fundarherbergi Tæknigarðs 29. október 2009,
kl. 11:00-13:00**

Dagskrá:

1. Fjárveitingar og rekstraráætlun 2010
2. Önnur mál